

## Skýrsla um fund norrænna kvikmyndaleikstjóra í Stokkhómi 22. og 23. 1. 2010-01-24

Undirrituðum var á stjórnarfundum SKL 18.1.2010. falið að sækja ofangreindan fund sem fulltrúi SKL. Hugmyndin að þessum fundi fulltrúa norrænna kvikmyndaleikstjóra varð til á aðalfundi FERA í Búdapest í júní 2009. Undirritaður sótti þann fund ásamt Ásdísi Thoroddsen.

Það er almenn skoðun meðal norrænna kvikmyndaleikstjóra að þeim beri að fylgjast með starfi og árangri hvers annars og sameinast um sameiginlega hagsmuni. Norrænir listamenn hafa af eðlilegum ástæðum, landfræðilegum og menningarlegum, ávallt borið störf sín og kjör saman. Það er ýmislegt sem aðskilur þá frá öðrum evrópskum kollegum, og mikilvægt er að sameinast um áunninn árangur, verja hann og styrkja. Hér gildir hið fornveðna: sameinuð erum við sterkari. Við viljum læra hvert af öðru og til þess verðum við að þekkja innviði og helstu þætti í starfi hvers annars.

Þessi tveggja daga fundartörn var í boði hins sænska Theater Förbundet og skipulagning hvíldi aðallega á Haakan Bjerring formanni þess.

Í hinu **sænska Theater Förbundet** eru bæði leikhús- og kvikmyndaleikstjórar, samtals um 300 manns, þar af 120 kvikmyndaleikstjórar. Í stjórn sitja tveir úr hvorri fylkingu. Þess má geta að virðisaukaskattur er 6% af leikhúsmiðum en til samanburðar um 25% af dvd diskum. Þetta líta kvikmyndamenn á sem mismunun og vilja samræma, lækka, álagningu á diskunum. Pólverjar lækkuðu fyrir nokkrum árum sambærileg gjöld og það er almennt álitid að allir hafi grætt á því, bæði listamenn og almenningur. Sænska ríkið lætur um 350 milljónir sek (ca. 5.955.000.000 ikr) til kvikmyndageirans, 185 milljónir til Sænsku kvikmyndastofnunarinnar til úthlutunar, 125 milljónir til menningarstyrkja (Cinamatek ofl.). Við þetta bætast svo peningar frá sjónvarpsstöðvum, sölu leikhúsmiða og framleiðendasamtökum, samtals um 350 milljónir sænskra króna. Þetta er svipað og Finnar gera, en minna en Norðmenn láta af hendi rakkna.

Annað kvikmyndaleikstjórafélag er starfandi í Svíþjóð, Sverriges Regissörer/Swedish Directors og var Christina Olofson fulltrúi þess á fundinum.

Engir samningar eru í gildi milli leikstjóra og framleiðenda í Svíþjóð. Meðallaun leikstjóra fyrir leikna bíómynd eru 700.000 sek (ca.11.900.000 ikr). Ekki er leyfilegt að "deferra" eða fresta meira en 500.000 sek. Leikstjórar hafa yfirleitt final cut.

Í dönsku leikstjórasamtökunum, **Danske Filminstruktörer**, eru 365 meðlimir, allra handa kvikmyndastjórar. Þeir borga 525 evrur (ca. 94.500 ikr) í árgjald og stjórn samtakanna skipa 8 manns. Nýr formaður er ungur leikstjóri, Martin Strange Hansen. Stjórnarmeðlimir fá borgað fyrir fundarsetu og árslaun formanns eru um 66.000 dkr. (ca. 1.584.000 ikr) Stjórnin hittist einu sinni í mánuði. Samtökin standa fyrir alls kyns námskeiðum fyrir félagsmenn, auk þess að sinna hagsmunamálum félaga sinna. 3 lögfræðingar eru í fullri vinnu fyrir samtökin. Fyrir þeim fer Sandra Pires og hún var fluttrúi samtakanna í Stokkhólmi.

Danskir kvikmyndaleikstjórar eru ýmist launþegar eða verktakar. Danskir leikstjórasmningar eru að mörgu leyti til fyrirmyndar og SKL hefur undir höndum gögn sem skýra hugsun þeirra og uppbyggingu nánar. Laun leikstjóra fyrir leikna bíómynd eru á bilinu 75.000 evrur – 135.000 evrur (ca. 13.500.000 ikr – 24.300.000 ikr), eftir frægð og reynslu leikstjóra, og að sjálfsögðu stærðar verkefnis. Heimildarleikstjórar fá töluvert minna, en á móti kemur að þeir fá hærri höfundagreiðslur (royalties). Leikstjórar eignast nánast alltaf hlut í myndum sínum, um er að ræða fyrirfram ákveðna prósentutölu af heildarkostnaði. Reynslan af þessu kerfi er hagstæð leikstjórum. Ef mynd ber sig eða gott betur fá leikstjórar arð.

Danir framleiða milli 15 og 19 bíómynda á ári sem allar njóta ríkisstyrkja, og 40 – 50 heimildarmyndir. Svokölluð 60:40 regla er viðhöfð þar sem það á við.

Samtökin hafa náð góðum samningum við DR sem tryggja félagsmönnum góð laun og fjármögnun bíómynda. Hins vegar hefur sjónvarpsstöðin umdeilt neitunarvald um hvaða myndir eru gerðar.

TV2 falast nánast eingöngu eftir “commercial” myndum. Þeir neita að sýna myndir sem selja ekki auglýsingar.

Danska Kvikmyndastofnunin hefur nýverið kynnt nýja áætlun, “Show us the World” sem er áætlun um gerð heimildarmynda sem sýna okkur heiminn.

Leikstjórasmntökin berjast fyrir hlutdeild leikstjóra í handritspeningum, þar sem leikstjórar koma yfirleitt að handritsgerð á einn eða annan hátt. Fram hefur komið hugmynd um að menn geti fengið allt að 50.000 dkr (ca. 1.200.000 ikr) fyrir hugmynd sem þykir álitleg, án tengsla við handritshöfund eða framleiðanda. Þetta er hugsað sem tilraun til að finna frumlegri handrit.

**Í Finnsku kvikmyndaleikstjórasmntökunum SELO** (The Association of Finnish Film Directors) situr 5 manna stjórn og formaður er Janne Pellinen sem sat fundinn í Stokkhólmi. Samtökin standa fyrir leikstjóraklúbbi einu sinni í mánuði með ákveðnu þema og meðlimir geta látið leiklesa og ræða handrit sem eru í vinnslu. Einu sinni á ári bjóða þeir fulltrúa “hinna starfanna” við kvikmyndagerð í heimsókn til að ræða starf sitt og samstarfið við leikstjóra. Leikstjórar eru stundum launþegar og það þekkist varla að laun séu áhættutengd, greiðslum frestað (deferred) .

Þeir hafa breytt höfundarréttarlögum á þá vegu að launþegar í leikstjórastétt öðlist “exclusive rights”.

Finnar framleiða milli 15 -19 styrktar bíómyndir á ári og kvikmyndasjóður má styrkja hvert verkefni allt að 50%. Um helmingur leikstjóra hefur final cut og stundum er honum skipt með framleiðanda. Yfirleitt er samstarf þessara aðila gott. Styrktar myndir fá sjónvarpssamning. 2 konsúlentar (ráðgjafar) sjá um leiknar myndir og umsækjandi getur ekki áfrýjað til hins.

Í Noregi eru tvö kvikmyndaleikstjórasamtök, **Norwegian Film Directors Guild** og **Film förbundet**. Lars Berg var fulltrúi fyrrnefndra samtaka, sem hafa 120 meðlimi, sem borga 300 evrur (ca. 54.000 ikr) í aðildargjöld á ári. Lars Berg þiggur 160.000 nkr (ca. 3.520.000 ikr) í ársloun og á vegum samtakanna er einn lögfræðingur í fullri vinnu.

Elisabeth O. Sjaastad, hinn nýi framkvæmdastjóri FERA, var fulltrúi Film förbundet. Í þeim samtökum eru u.þ.b. 150 kvikmyndaleikstjórar, en þess má geta að sumir eru í báðum leikstjórasamtökunum. Auk kvikmyndaleikstjóra eru u.þ.b. 600 aðrir meðlimir sem tengjast kvikmyndagerð á hina ýmsu vegu. Samtökin eru með tvo stjórnendur og ritara í fullri vinnu og lögfræðing í hálfu starfi. Aðildargjöld eru 2700 nkr (ca. 59.400 ikr) á ári.

Elisabeth fjallaði einnig um starf hins þrítuga FERA, sem hefur 36 samtök frá 29 Evrópulöndum innan sinna vébanda. Samtökin berjast nú fyrir tilveru sinni við allt of þröngan fjárhag.

Síðari daginn var fjallað um starf ráðgjafa hinna einstöku kvikmyndastofnanna og helstu vinnureglur. Kom þar margt athyglisvert fram eins og :

Í Noregi geta viðurkenndir kvikmyndaleikstjórar fengið 200.000 nkr (ca.4.400.000 ikr) til að þróa hugmynd, skuldbindingalaust.

Hilmar Oddsson